



Sigrún Þórarinsdóttir sviðsstjóri

Kópavogi, 13. janúar 2022
21111190/033.03 RMB

Á fundi velferðarráðs 22.11.2021 var eftirfarandi bókað:

„Kristín Sævarsdóttir og Donata H. Bukowska lögðu fram eftirfarandi fyrirspurn:

*"Óskað er eftir nákvæmri greiningu á hópnum sem þiggur fjárhagsaðstoð.**Hversu margir þáðu fjárhagsaðstoð við síðustu úttekt?**Hversu mörg voru þau á sama tíma á síðasta ári?**Hversu margir þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð eru með fulla fjárhagsaðstoð?**Hvernig er aldurskiptingin?**Hversu lengi hefur fólk verið á fjárhagsaðstoð?**Hversu margir af heildar fjöldanum teljast með fulla starfsgetu?**Hversu margir teljast með getu til að sinna hlutastarfi?**Hvaða vinnustaðir og vinnuúrræði standa notendum fjárhagsaðstoðar til boða?"*

Karen Halldórsdóttir bókaði:

*"Óska einnig eftir yfirliti yfir fjölda erlendra ríkisborgara sem fengið hafa fjárhagsaðstoð sl. 10 ár."***Greinargerð:**

Fjárhagsaðstoð er veitt til heimila í Kópavogi sem eru með skattskyldar tekjur undir framfærsluviðmiðum sem fram koma í reglum Kópavogsbæjar um fjárhagsaðstoð. Framfærsluviðmið taka mið af húsnæðisaðstæðum sbr. 15. gr. í reglum Kópavogsbæjar um fjárhagsaðstoð og má sjá í töflu hér fyrir neðan. Þessar fjárhæðir eru fyrir skatt:

Fjárhagsaðstoð til framfærslu – viðmiðunarfjárhæðir og húsnæðisaðstæður			Fjárhæðir fyrir skatt*	
Fjölskyldugerð	Húsnæðisaðstæður	Kvarði	2022	2021
Einstaklingar	Eigið húsnæði eða þinglýstur leigusamningur	1,0	208.337	198.712
	Leigir án þinglýsts samnings/með samleigjanda/ á flakki	0,8	166.670	158.970
	Býr hjá foreldri/um með börn	0,6	125.002	119.227
	Býr hjá foreldri/um án barna/Er innliggjandi á sjúkrastofnun	0,4	83.335	79.485
Hjón/sambúðaraðilar	Eigið húsnæði eða þinglýstur leigusamningur	1,6	333.339	317.939
	Leigja án þinglýsts samnings	0,8 af 1,6	266.671	254.351

*breytast 1. janúar ár hvert skv. vísitölu neysluverðs

Til viðbótar er greidd sérstök aðstoð vegna barna sem eru með lögheimili hjá notanda/notendum eða kr. 15.000,- fyrir hvert barn. Þá eru heimildargreiðslur skv. reglum og getur verið um að ræða námsaðstoð, aðstoð til kaupa á húsbúnaði, til greiðslu tannlækninga og sérfræðiviðtala, aðstoð vegna útfara, áfallaaðstoð, lán til greiðslu leigutryggingar, sérstök aðstoð v. meðlagsgreiðslna, aðstoð vegna endurhæfingar og sérstök aðstoð í desember.

Fjárhagsaðstoð getur verið í formi styrks eða láns. Framfærslulán eru veitt þegar könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna eða í tilvikum á meðan umsækjandi vinnur að því að upplýsa um stöðu sína og afla gagna, oft erlendis frá. Þá eru einnig veitt lán á meðan umsóknir eru til vinnslu í öðrum kerfum eins og t.d. hjá Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingum Íslands, sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum, Fæðingarorlofssjóði. Heimtur lána er yfir 80%.

Rétt er að taka fram að til viðbótar eru fleiri greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar sem fara í gegnum bókhald bæjarins og eru skv. samningum, þ.m.t. samningur við Reykjavíkurborg um gistingu í




neyðarskýlum (færist á nýjan lykil 2022), samningur við Hugarafli, starfsþjálfunarsamningar við aðila á vinnumarkaði og samningur við Fjölsmiðjuna sem allar deildir velferðarsviðs nýta fyrir utan þjónustudeild aldraðra. Þá endurgreiðir ríkissjóður útlagðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar erlendra ríkisborgara sem hafa verið búsettir hér á landi í tvö ár eða skemur sbr. 15. gr. í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðsla á síðasta ári nam rúmum 40 milljónum fyrir tímabilið 1.11.2020 til 31.10.2021 og var endurgreiðsla fyrir 1.11.2019 til 31.10.2020 rúmar 54 milljónir.

Hér á eftir er greining á afgreiddri fjárhagsaðstoð hjá ráðgjafa og íbúðadeild og er samanburður milli ára 2020 og 2021 á sama tímabil, þ.e. janúar til og með nóvember.

Tölur eru sóttar í Navision hugbúnaðarkerfið í skýrsluform sem notað er til að skila árlegum upplýsingum til Hagstofunnar.

Skýrslur voru sóttar fyrir veitta styrki annars vegar og veitt lán hins vegar frá janúar til nóvember 2020 og 2021. Viðtakendur lána frá janúar til og með nóvember 2020 voru 216 en 203 á sama



tímabili 2021. Viðtakendur styrkja voru 310 á umræddu tímabili 2020 en 279 2021.



Notandi getur fengið fjárhagsaðstoð bæði í formi styrkja og lána, það fer eftir ákvæðum í reglum og stöðu notenda hverju sinni. Til þess að fá heildaryfirlit yfir notendur var notendum lána og styrkja fléttað saman í einn lista og er sá listi grundvöllur tölfræðinnar sem er kynnt hér á eftir.


Notendur fjárhagsaðstoðar (styrkir og lán) voru fleiri 2021 en 2020 en afgreidd aðstoð lækkaði þó milli ára, bæði lán og styrkir. Af veittum lánum var fjárhæð lána v. leigutrygginga skv. 27. gr. alls 11,8 milljónir 2020 og tæp 328 þúsund að meðali á hvern notanda. 2021 voru veitt lán v. leigutrygginga um 13 milljónir 2021 og tæpar 380 þúsund að meðaltali á hvern notanda.

Notendur með erlent ríkisfang voru tæplega þriðjungur notenda fjárhagsaðstoðar eða um 30% 2020 og 29% 2021, sjá mynd 2 og 3. Erlendir ríkisborgarar voru 14% notenda fjárhagsaðstoðar 2013 (sjá síðar í greinargerð) og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2015.






Mynd 4. Fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar eftir ríkisfangi janúar til og með nóvember




Mynd 5. Skipting ríkisfanga 2021




Á mynd 4 má sjá skiptingu notenda eftir ríkisfangi, þ.e.a.s. íslenskt ríkisfang og síðan flokkun ríkisfangs eftir því hvort notandi er með ríkisfang í ríki sem er innan EES eða utan EES. Rétt er að taka fram að staða erlendra ríkisborgara er jafn mismunandi og hún er mismunandi hjá íslenskum ríkisborgurum enda almennt fátítt að hópar séu alveg einsleitir. Alla jafna er töluverður munur í vinnslu mála notenda með ríkisfang utan EES þegar horft er til menningar, siða og venja og ekki síst þegar um flóttafólk er að ræða. Málavinnsla tekur lengri tíma hjá erlendum ríkisborgurum; veita þarf grundvallarupplýsingar um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur íbúa, sem alla jafna þarf ekki í annarri málavinnslu og það sama á við um upplýsingaöflun ráðgjafa um félags sögu og stöðu viðkomandi. Það segir sig sjálft að það tekur rúmlega helmingi lengri tíma að veita og afla upplýsinga í gegnum túlk og stundum þarf viðbótar skýringar á umfjöllunarefni til að geta túlkað.

Mynd 6. Erlent ríkisfang og flóttafólk janúar til og með nóvember




Mynd 7. Skipting erlendra ríkisborgarar 2021




Á myndum 6 og 7 er yfirlit yfir erlenda ríkisborgara með fjárhagsaðstoð. Eins og áður sagði voru þeir 29% af öllum notendum fjárhagsaðstoðar 2021. Flóttafólki fækkaði milli 2020 og 2021, fór fjöldinn úr 65 í 56 og hlutfall flóttafólks af erlendum ríkisborgurum var 44% 2021. Mikill meirihluti flóttafólks í hópi notenda eru einstaklingar sem komu til landsins á eigin vegum og sóttu um hæli við komuna til landsins. Mjög mismunandi er hversu lengi umsóknir um hæli eru í vinnslu hjá Útlendingastofnun en á meðan því ferli stendur fá hælisleitendur þjónustu hjá Útlendingastofnun eða hjá þeim sveitarfélögum sem stofnunin er með þjónustusamning við. Á heimasíðu Útlendingastofnunar má sjá að frá janúar til og nóvember 2021 var samþykkt vernd í málum 292 einstaklinga miðað við 528 2020.



Mynd 8. Fjöldi mánaða með fjárhagsaðstoð
janúar til og með nóvember




Mynd 9. Fjöldi mánaða með
fjárhagsaðstoð




Sjá má á myndum 8 og 9 að þriðjungur notenda fékk fjárhagsaðstoð í 1 mánuð og rúmlega 60% notenda voru með fjárhagsaðstoð í 1 til 3 mánuði.

Myndir hér fyrir neðan sýna frekari greiningu á notendahópi fjárhagsaðstoðar m.t.t. hjúskaparstöðu, aldurs og stöðu m.t.t. atvinnuþátttöku.


Mynd 10. Hjúskaparstaða
janúar til og með nóvember




Mynd 11. Skipting hjúskaparstöðu
2021




Mynd 12. Aldur
janúar til og með nóvember




Mynd 13. Skipting eftir aldri 2021




 Mynd 14. Staða notenda
 Janúar til og með nóvember


Mynd 15. Skipting eftir stöðu 2021



Það er miður að það vantar skráningar á stöðu notenda en kröfur um skráningar eru ríkar. Í dag er unnið með 3 kerfi fyrir skráningar í vinnslu mála: Navision, One-System skjala- og málavinnslukerfi og Office þ.e.a.s. Excel skjöl. Deildin lagði í mikla vinnu á síðasta ári til að koma upp mælaborði fyrir mál í vinnslu í ráðgjafa og íbúðadeild og var það eitt af gæðamarkmiðum deildarinnar 2021. Sett var upp Excel skjal fyrir hvern ráðgjafa til að hafa yfirsýn yfir öll sín mál og framgang þeirra. Gera þurfti endurbætur sl. haust en þá voru settir inn forskráðir valmöguleikar í skráningu til að draga úr villuhættu. Frá og með janúar 2022 er vonast til að unnt verði að taka saman tölfræði í hverjum mánuði. Viðbótin við skýrslur í Navision er yfirlit yfir öll mál í vinnslu í hverjum mánuði, ekki bara mál í vinnslu v. fjárhagsaðstoðar. Þá má nefna skráningu á húsnæðisaðstæðum, framfærslukvarða, veitt lán og styrki, búsetutíma erlendra ríkisborgara á Íslandi, yfirlit yfir áætlanir í málum og úrræði sem eru nýtt og útskriftir í hverjum mánuði svo eitthvað sé nefnt.

Varðandi vinnufærni notenda með framfærslu þá eru þeir sem ekki framvísa læknisvottorði metnir vinnufærir. Gerð er krafa um atvinnuleit eftir 100% starfi, nema fyrir liggi staðfesting frá lækni um annað. Gengið er út frá ákvæði laga um að hverjum manni er skylt af framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn. Ráðgjafa og íbúðadeild er ekki til þess bær að meta skerðingu á starfsgetu, það er í höndum lækna. Vinnufærum er skylt að vera í virkri atvinnuleit og framvísa staðfestingum þess efnis.

Starfsþjálfun er úrræði sem deildin hefur nýtt og þá gjarnan í samstarfi við Vinnumálastofnun. Fyrirtæki fær þá sem samsvarar 1,0 framfærslukvarða á meðan starfsþjálfun stendur og greiðir viðkomandi kjarasamningsbundin laun. Starfsþjálfunartími er frá 3 mánuðum og að hámarki 6 mánuðir. Alls voru gerðir 5 starfsþjálfunarsamningar 2020 og 6 2021. Vinnustaðir 2021 voru í framleiðslu, garðyrkju, hótél og veitingaþjónustu, fiskvinnslu, heilsu- og líkamsrækt og fræðslustarfsemi. Notendur í starfsþjálfun hafa verið bæði íslenskir og erlendir ríkisborgarar þ.m.t. flóttafólk.

Ráðgjafar tóku saman upplýsingar um opin mál í nóvember sl. vinnsluskjölum sínum og var staðan eftirfarandi: Opin mál í fjárhagsaðstoð voru 107 og voru mál íslenskra ríkisborgara 72 og mál erlendra ríkisborgara 35 eða 33% af málafjölda. Af 35 erlendum ríkisborgurum voru 14 með stöðu flóttafólks. Af þessum 107 voru 80 með aðstoð í formi styrks en 27 í formi láns. Þá fengu 29 fjárhagsaðstoð upp í kvarða á móti öðrum skattskyldum tekjum. Alls var vinnsla í 26 öðrum málum sbr. töflu. hér til hliðar.

Nóv. 2021. Önnur mál - tegundir	Fjöldi
Ráðgjafi heldur utan um endurhæfingaráætlun	2
Endurhæfingaráætlun hjá öðrum	6
Starfsþjálfun	2
Fjölsmiðja	4
Eftirfylgd	12
Alls	26



Tölur hér fyrir neðan sýna frekari greiningu á notendum fjárhagsaðstoðar úr málavinnsluskjölum ráðgjafa:

Nóv 2021. Staða	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi vinnufærir	26	24%
Fjöldi óvinnufærir	73	68%
Fjöldi namar	5	5%
Fjöldi í fæðingarorlofi	3	3%
Fjöldi með óljósa stöðu/mat vinnslu	0	0%
Alls	107	100%


Nóv. 2021. Fjöldi mánaða með aðstoð	Fjöldi	Hlutfall
1 til 3 mán	41	38%
4 til 6 mán	11	10%
7 til 9 mán	13	12%
10 til 12 mán	9	8%
1 ár eða meira	33	31%
Alls	107	100%

Nóv. 2021. Kvarðar fjárhagsaðstoðar	Fjöldi	Hlutfall
1	40	37%
0,8	40	37%
0,6	0	0%
0,4	21	20%
1,6	2	2%
0,8 af 1,6	4	4%
Alls	107	100%


Erlendir ríkisborgarar

Óskað var upplýsinga um fjölda erlendra ríkisborgara sem fengið hafa fjárhagsaðstoð sl. 10 ár.

Navision er ekki með skráð og vistað ríkisfang fyrr en 2013. Á mynd 16 má sjá þróun frá þeim tíma.



Til samanburðar er yfirlit yfir hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúum Kópavogs á þriðja ársfjórðungi hvers árs skv. upplýsingum á heimasíðu Hagstofunnar.



Virðingarfyllst,

Rannveig María Þorsteinsdóttir
Deildarstjóri ráðgjafa- og íbúðadeildar